

Útópía í ójöfnum heimi: Hinseginleiki í Star Trek

SVEINN GUÐMUNDSSON, doktor í mannfræði

ÚTDRÁTTUR: Star Trek sjónvarpsþættirnir hafa í meira en hálfu öld tekist á við málefni sem viðkvæmt hefur verið að fjalla um í sjónvarpi (Heath og Carlisle, 2020). Star Trek heimurinn, settur fram í geimsápu-óperustíl í fjarlægri framtíð, hefur frá upphafi fagnað fjölbreytileika mannlegrar tilveru og sýnt jákvæða mynd af framtíð mannkynsins (Kozinets, 2001; Mittermeier og Spychala, 2020). Í greininni verður rýnt í ólíkar birtingarmyndir hinseginleikans í þáttunum í gegnum tíðina og upplifanir hinsegin, trans og kynsegin áhorfenda af þeim. Greinin byggir á etnógrafískri eigindlegri rannsókn en gagnaöflun fólst í viðtölum við íslenska hinsegin, trans og kynsegin Star Trek aðdáendur, þátttökuathugunum meðal þeirra og fjölmiðlagreiningu á skrifum um Star Trek og aðdáendur þáttanna í íslenskum miðlum. Í greinni verður aðaláhersla lögð á gögn úr viðtölunum. Niðurstöðurnar sýna hvernig Star Trek aðdáendurnir upplifa stemninguna sem myndast á ráðstefnum og öðrum hópsamkomum þeirra sem merki um virðingu fyrir fjölbreytileika og öruggt rými fyrir hinsegin fólk. Einnig sýna niðurstöðurnar hvernig þættirnir veita viðmælendum von um jafnari framtíð með umræðu um samfélagsleg mál og jákvæðum birtingarmyndum ýmissa hópa eins og hinsegin, trans og kynsegin fólks sem kemur fram í þáttunum á ólíka vegu á ólíkum tímum.

LYKILORD: Star Trek – Dægurmenning – Hinsegin fræði – Mannfræði

ABSTRACT: For more than half a century, the Star Trek television series has tackled sensitive issues on television (Heath and Carlisle, 2020). The Star Trek universe, set in a far-future space-soap-opera style, has from the beginning celebrated the diversity of human existence and portrayed a positive image of the future of humanity (Kozinets, 2001; Mittermeier and Spychala, 2020). The article examines the different manifestations of queerness in the series over time and the experiences of queer, trans, and genderqueer viewers of them. Ethnographic, qualitative research methods were used in the research. Data collection consisted of interviews with Icelandic queer, trans and non-binary Star Trek fans, participatory observa-

tions among them, and media analysis of writings about Star Trek and fans of the series in Icelandic media. Data from the interviews will be the main focus of the article. The results demonstrate how Star Trek fans experience the atmosphere created at the conventions and other Star Trek group gatherings as a sign of respect for diversity and a safe space for queer people. The results also display how the series give the interviewees hope for a more equal future through discussion of social issues and positive portrayals of various groups such as queer, trans and genderqueer people who are represented in the series in different ways at different times.

KEYWORDS: Star Trek – Popular Culture – Queer Studies – Anthropology

Inngangur:

Óendanlegur fjölbreytileiki í óendanlegum samsetningum

Star Trek sjónvarpsþættirnir hófu göngu sína í bandarísku sjónvarpi árið 1966 og í kjölfarið voru gerðar kvikmyndir og fleiri þáttaseríur. Star Trek heimurinn, settur fram í geimsápuóperustíl í fjarlægri framtíð, hefur leynt og ljóst tekist á við málefni sem viðkvæmt hefur verið að fjalla um í sjónvarpi og kvikmyndum (Heath og Carlisle, 2020). Nú þegar eru til hátt í þúsund þættir af Star Trek, fjórtán kvikmyndir og fleiri eru í bígerð. Gerðar hafa verið heimildarmyndir um þennan útópíska heim, skrifaðar bækur og greinar, tölvuleikir framleiddir, ásamt því sem akademísk skrif úr ýmsum áttum hafa verið birt. Í kringum þættina hefur myndast afar áhugaverður aðdáendahópur, fjöldi skipulagðra aðdáendaklúbba og reglulega eru haldnar ráðstefnur þar sem Star Trek er viðfangsefnið (de Yarza, 2017; Jindra, 1994; Memory Alpha, e.d.; Porter, 2004; Russel og Wolski, 2001).

Hugmyndin að baki Star Trek er að á 23. og 24. öldinni hafi mannkynið náð að þroskast upp úr tvíhyggjuhugsuninni um „okkur og hina“ en einnig er það markmið þáttanna að sýna fram á hvað megi betur fara í samfélagi okkar í dag. Gene Roddenberry, höfundur Star Trek, trúði því að mannkynið myndi í framtíðinni hafa skapað betra og réttlátara samfélag. Framtíðarsýn Star Trek er mjög jákvæð, eins konar útópía þar sem allir lifa í sátt og samlyndi og í jafnvægi við umhverfi sitt og mannkynið hefur myndað bandalag við íbúa annarra pláneta sem kallast Stjörnubandalagið (e. the United Federation of Planets). Þar er engin fátækt, ekkert misrétti af neinum toga og meira að segja engir peningar því samfélagið hefur þróast handan kapitalismans. Enginn græðir á annarra óföllum og allir hafa frelsi til að gera það sem þeir vilja. Eða það er grunnstillingin sem sett er upp (Alexander, 1991; Roberts, 2006). Þetta er undirstrikað í setningunni *Infinite diversity in infinite combinations* sem gæti hljómað á íslensku sem „óendanlegur fjölbreytileiki í óendanlegum samsetningum“. Setningin kom fram í fyrstu Star Trek þáttaröðinni, sem er gjarnan nefnd *The Original Series* eða „upprunalega þáttaröðin“ (Roddenberry, 1966-1969), til dæmis í þættinum *Is There in Truth No Beauty?* og varð fljótt að sterku þema sem er reglulega minnst á í Star Trek þáttum og kvikmyndum (Kozinets, 2001).

Í greininni verður athyglinni beint að því hvernig íslenskir hinsegin aðdáendur í rannsókninni upplifa boðskap Star Trek um fögnun fjölbreytileikans, gagnrýni þáttanna á ójöfnuð samtíma samfélags, birtingarmyndir hinsegin persóna (eða skort á þeim) og hvaða áhrif þættirnir hafa á þau. Til þess verður aðallega rýnt í gögn upp úr viðtölum við íslenska hinsegin Star Trek aðdáendur. Viðmælendur eru sjö talsins og voru fundnir með blöndu af hentugleika- og snjóboltaúrtaki þar sem haft var upp á þeim fyrstu í gegn spjallgrúppur á Facebook sem í kjölfarið bentu á fleiri viðmælendur (Esterberg, 2002). Viðtölin voru því næst kóðuð og aðalþemum greind (Braun og Clark, 2013; Priest og fleiri, 2002).

Fræðileg umræða

Þegar upprunalegu Star Trek þættirnir voru sýndir (á árunum 1966-69) vakti það athygli að í aðaláhöfn geimskipsins Enterprise voru meðal annars svört kona, asískur karlmaður og geimvera af blönduðum bakgrunni. Einnig var rússneskur karlmaður hluti af áhöfninni, sem er áhugavert miðað við tímann sem þættirnir voru gerðir en kalda stríðið var í fullum gangi (Heath og Carlisle, 2020; Mittermeier og Spsychala, 2020). Star Trek, sett upp sem geimævintýri, sýndi strax í upphafi hvernig dægurmenning getur virkað sem samfélagsspeglill. Þættirnir hafa í gegnum tíðina tekist á gagnrýninn hátt á við málefni eins og þjóðerni, uppruna, menningu, litarhátt, kyngervi, kynhneigð, fötlun, stétt, átök, stríð, tækni og umhverfismál og margt fleira (de Yarza, 2017; Geraghty, 2003, 2006; Heath og Carlisle, 2020). Hér verður rýnt í umræðu fræðafólks um Star Trek og aðdáendahóp þess og hvað það sé sem heilli fólk við þættina með sérstakri áherslu á hinsegin aðdáendur þeirra.

Útópía í ójöfnum heimi

Fræðafólk sem hefur rannsakað sögu Star Trek og dygga aðdáendahóp þáttanna heldur því fram að þessi útópíska framtíðarsýn Star Trek, „Óendanlegur fjölbreytileiki, í óendanlegum samsetningum“ sé það sem heilli aðdáendur og hvetji þá til að sameinast á ráðstefnum og í klúbbum tileinkuðum þáttunum og kvikmyndunum (Jenkins, 2004; Jindra, 1994; Porter, 2004).

Jennifer Porter (2004) hefur rannsakað Star Trek aðdáendur á Star Trek ráðstefnum en á slíkum viðburðum hitta aðdáendurnir Star Trek-leikara, kynnast öðrum aðdáendum (sem kallast „trekkarar“ eða „trekkies“ á ensku) og klæðast gjarnan Star Trek búningum. Samkvæmt Porter sækja þeir í samveruna með öðrum Star Trek aðdáendum á ráðstefnunum. Porter talar um að ráðstefnunum er framtíðarsýn þáttanna upplifuð og þar styrkist hún. Það sem skín í gegn í umræðu Porter (og annars fræðafólks eins og Jenkins, 2004 og Jindra, 1994) er að Star Trek aðdáendur eru samfélag. Hin sanna merking Star Trek speglast í hugmyndinni um styrk fjölbreytileikans og líkamnast í aðdáendunum. Star Trek ráðstefnur eru því pílagrímsferðir í veraldlegum skilningi samkvæmt Porter (2004) og „heilaga miðjan“ er aðdáendurnir sjálfir er þeir koma saman.

Michael Jindra (1994) vill líta á Star Trek sem táknrænt samfélag (e. symbolic community) sem einkennist af veraldarhyggju sem sker sig úr hinu hversdagslega og eigi einmitt ýmislegt sameiginlegt með hreyfingum eins og AA-samtökunum sem dansi á línunni milli trúarbragða og veraldlegra samtaka. Samkvæmt honum er Star Trek aðdáendahópurinn mun fjölbreyttari er kemur að kyngervi, stétt og uppruna heldur en aðrar álíka hreyfingar. En Jindra vill meina að þessi boðorð Roddenberry sem birtast í Star Trek, um umburðarlyndi og afstæði í stað sundrungar og þjóðhverfu, hafi orðið að eins konar leiðarvísi. Markmiðið er að byggja upp jákvæða framtíð fyrir mannkynið, í anda Star Trek.

Hér er áhugavert að skoða skrif Lynne Segal (2018) um útópíur og gleðina sem fólk getur fundið með því að vera í andstöðu við ríkjandi ástand. Þessi andstaða sem hún ræðir getur verið í formi nýrra möguleika og von um betri heim. Það að tilheyra hópi sem aðhyllist sömu hugmyndafræði getur veitt fólki styrk, seiglu og gleði þó núverandi aðstæður þeirra séu ekki ákjósanlegar. Segal vill meina að á tímum ójöfnuðar og óstöðugleika séu hugmyndir og von um útópíu nauðsynlegar til þess að vinna að betra og jafnara samfélagi. Hún tekur samt fram að hugmyndin um útópíu sé ekki eitt-hvað endanlegt lokatakmark sem hægt sé að ná heldur tákni hún sameiginlega þrá eftir framförum eða betrun mannkyns. Hvort sem okkur tekst að skapa útópíuna eða ekki þá gefur markmiðið um betri framtíð okkur von, samstöðu og jafnvel gleði. Judith Butler (2004) leggur einmitt áherslu á að eitt aðal loforð skáldskapar sé að ögra því sem álitíð er veruleiki, og er því tækifæri til að ímynda okkur breytingar og gera þær svo að veruleika.

Lincoln Geraghty (2006) lítur á Star Trek aðdáendahópinn sem afar vítt stuðningskerfi (e. collective network of support) þar sem aðdáendur þáttanna eiga í samskiptum í ýmsu formi, ræða erfið

persónuleg mál og styðja hvort annað. Geraghty rýnir sérstaklega í innsend bréf í Star Trek aðdáendatímarit en nefnir einnig einnig Star Trek ráðstefnur og klúbbastarf í þessu samhengi (sjá einnig umræðu Porter, 2004 hér fyrir ofan). Í dæmunum sem Geraghty (2006) nefnir greina aðdáendurnir frá því er þau leita til þáttanna er erfiðleikar dynja yfir. Star Trek er þeim huggun og haldreipi á erfiðum tímum og eitthvað sem tengir þau við annað fólk.

Elsti Star Trek klúbburinn, Starfleet International, er mun meira en aðdáendaklúbbur sjónvarpsþáttar. Starfleet er byggður upp á framtíðarsýn Roddenberry og er hugsaður sem tækifæri fyrir aðdáendur til að kynnast, taka þátt í allskonar verkefnum og námskeiðum og gefa til baka til samfélags síns en mikil áhersla er á þátttöku í góðgerðarmálum og sjálfboðastarfi (Kastljós, 2009; Starfleet, e.d.) Einnig veitir klúbburinn námsstyrki til meðlima á hverju ári. Starfleet er stærsti vísindaskáldsögu-aðdáendaklúbbur í heimi með yfir 5000 manns og telur yfir 200 deildir í yfir 20 löndum og bera deildirnar nöfn geimskipa eða geimstöðva. Meðlimir geta valið sér svið sem þau leggja áherslu á og geta svo unnið sig upp í tign og jafnvel orðið að kapteinum eða aðmírálum (Starfleet, e.d.).

Forsvarsmenn íslenska hluta klúbbsins komu fram í viðtali í DV þar sem þeir töluðu um að „Félagsskapur Trekkara starfar eftir hugmyndafræði þáttanna um útópíska bjarta framtíð... Þar tíðkast jafnrétti á öllum sviðum og búið er að eyða fordómum“ (DV, 19.03.1999, bls 4.) Forsvarsmenn íslensku deildarinnar hafa greint frá því að starfsemi þeirra felist meðal annars í aðkomu að góðgerðarmálum og ýmis konar sjálfboðavinnu (Kastljós, 2009). Hugmyndafræðin í þáttunum er því orðin að fyrirmynd fyrir Starfleet klúbbinn og meðlimi þess víða um heim. Þannig eru Starfleet meðlimir og ýmsir Star Trek aðdáendur að vinna að því að skapa framtíðina sem birtist þeim í Star Trek þáttunum og kvikmyndunum.

Á tímum „vanhelgunar“ eða dvínunar að einhverju leyti á áhuga fólks á gömlu skipulögðu trúarbrögðunum (sem hafa verið gagnrýnd fyrir að vera karllæg og útilokandi fyrir ýmsa hópa) þar sem okkur er sagt frekar skýrt hvernig á að haga sér, er rými fyrir eitthvað annað og nýtt (Giddens, 1990; Lee, 2008; Ryan 2002; Weber (1952 [1911])). Star Trek með vísindi og mannréttindi sem framtíðarvon um útópískan heim gæti einmitt heillað fólk.

Út úr skápnum og út í geiminn

Málefni hinsegin fólks komu lítið sem ekkert fram á beinan hátt í upprunalegu Star Trek þáttunum. Þrátt fyrir það hreifst mikið af hinsegin fólki af þeim og lofordinu um bjartari framtíð þar sem fjölbreytileikanum væri fagnað (Falzone, 2005; Jenkins, 2004; Mittermeier og Spsychala, 2020; Wollage, 2005).

Er það fréttist meðal aðdáenda að það ætti að framleiða nýja Star Trek þætti sem fengu nafnið The Next Generation (Roddenberry og fleiri, 1987-1994) á seinni hluta níunda áratugar síðustu aldar magnaðist upp mikil spenna og sérstaklega meðal hinsegin aðdáenda sem vonuðust til að í þetta sinn myndi hinsegin persona vera í áhöfn Enterprise. Frá upphafi hafði fólk af ólíkum kynjum, uppruna, bakgrunn og húðlit sést í þáttunum og kvikmyndunum og voru gjarnan í stjórnunarstöðum en aðeins var tekist á við hinsegin mál óbeint (Jenkins, 2004; Mittermeier og Spsychala, 2020).

Hinsegin vísindaskáldsöguaðdáendafélagið The Boston Area Gaylaxians sem er hluti af The International Gaylactic Network Inc. hóf bréfaskriftaherferð með það markmið að fá hinsegin persónu í Star Trek. Slagorð félagsins er out of the closet and into the universe og markmið félagsins er að auka sýnileika hinsegin fólks innan vísindaskáldsögusamfélagsins og hjálpa hinsegin aðdáendum að kynnast og tengjast. Hinsegin fólkið sem stóð að herferðinni greindi frá því að því sárnaði skortur á viðbrögðum framleiðenda þáttanna og sumir sökuðu þá um að svíkja sýn Roddenberry sem lést 1991. Hinsegin aðdáendurnir lýstu því hversu mikils virði Star Trek hefur reynst þeim og birtist sem „heimur“ sem virtist bjóða þau velkomin þegar raunheimur þeirra gerði það ekki. Þetta er dæmi um pólitíska kraftinn sem getur falist í útópíum, að þær geti gefið von um betri heim og drifkraft til að vinna að honum með því að laga núverandi aðstæður (Jenkins, 2004; Segal, 2018). Aðdáendurnir

héldu herferðinni áfram en ekkert varð úr því að hinsegin persóna yrði fastur hluti af aðaláhöfninni í nýju þáttunum. Þó málefni hinsegin fólks hafi verið tekin fyrir óbeint eða undir rós í þáttunum þá lásu hinsegin aðdáendur ýmislegt í undirtón þeirra og hafa gert alla tíð (Mittermeier og Spsychala, 2020). Ákveðnar persónur voru álitnar mögulega hinsegin byggt á orðum þeirra, hegðun, útliti og svipbrigðum. Þessi hinsegin augnablik eru það sem Eve Kosofsky Sedgwick (1985, 1997) talar um sem „hinsegin lestur“ (e. queer reading) en það er þegar rýnt er í texta í þeim tilgangi að koma auga á hinsegin þræði (sjá einnig Mittermeier og Spsychala, 2020). Jenkins (2004) vill meina að hinsegin aðdáendurnir séu að bregðast við þessum skorti á hinsegin persónum í Star Trek á tvennan hátt, annars vegar með því að skrifa framleiðendunum og óska eftir hinsegin persónum og hins vegar með hinsegin lestri þar sem hinsegin augnablik eru greind.

George Takei sem lék Hikaru Sulu í upprunalegu þáttaröðinni greindi frá því í viðtali að hann hafi spurt Roddenberry hvort hægt væri að taka upp málefni hinsegin fólks í nýju þáttunum. Svar Roddenberry var að hann myndi vilja gera það en að allar persónurnar yrðu að vera gagnkynhneigðar ef þátturinn ætti að fá að vera í sjónvarpi (Brangham, 2019; McGrath, 2020). Í heimildarmyndinni *Chaos on the Bridge* (Shatner og fleiri, 2014) greinir Ira Stephen Behr, sem vann að þriðja þáttatímabili *The Next Generation* (Roddenberry og fleiri, 1987-1994) frá því að Roddenberry hefði reynt að koma hinsegin pörum að í aukahlutverkum þáttanna. Eitt dæmi sem hann tekur fyrir er úr þættinum *Captain's Holiday* þar sem kapteinn Picard fer í frí til plánetunnar Risa sem er eins konar sumarfrísstaður með strendur og hlýtt veðurfar. Roddenberry vildi sýna Picard á ströndinni og hafa samkynja pör í innilegum athöfnum í bakgrunninum. Hugmynd hans náði þó ekki lengra en á blaðsíður handritsins sem var fljótt breytt samkvæmt skipun að ofan. Roddenberry sagði einmitt í viðtali árið 1991 hann hafi verið talsvert ritskoðaður af yfirmönnum sínum þegar hann var að gera upprunalegu þættina á árunum 1966-69. Hann minntist sérstaklega á að hann hefði viljað geta fjallað meira um viðhorf til kynferðismála en að það hafi einfaldlega ekki mátt og megi jafnvel ekki enn (Alexander, 1991; Gross, 1989).

Það að Roddenberry hafi reynt að sýna hinsegin persónur í Star Trek en hafi verið stöðvaður af yfirmönnum sínum má líta á sem dæmi um hómófóbíuna sem var ráðandi í bandarísku sjónvarpi á þessum tíma. En Roddenberry og þau sem tóku við af honum sem stjórnendur þáttanna dóu ekki ráðalaus. Ef ekki væri hægt að takast á við málefni beint þá yrði það gert á annan hátt, eins og gert verður grein fyrir síðar í greininni.

Aðferð

Verkefnið byggir á etnógrafískri rannsókn þar sem markmiðið er að reyna að skilja sýn viðmælendanna á umfjöllunarefnið, dægurmenningarfyribærið Star Trek og hvaða áhrif það hefur haft á heimssýn þeirra og menningu hópsins (Crotty, 1998). Rannsóknin hófst snemma árs 2021 og er yfirstandandi. Gagnaöflun felst aðallega í viðtölum við íslenska Star Trek aðdáendur, en einnig var aflað gagna með í fjölmiðlagreiningu og þátttökuathugunum sem og skrifum fræðafólks úr ýmsum áttum. Er kom að skrifum var dæmum úr þáttunum og ýmsum fræðilegum skrifum um efnið skeytt saman við gögn rannsóknarinnar.

Fjölmiðlagreiningin fólst í því að slá inn leitarorðið „Star Trek“ á tímarit.is og í safni RÚV og sérstaklega leitað að fréttum um Star Trek aðdáendur. Alls var safnað yfir hundrað greinum og umfjöllunum um Star Trek sem voru flokkaðar í þemu og unnin áfram. Fjölmiðlagreiningin kemur þó lítið við sögu í þessari grein.

Sjö hálfstöðluð viðtöl voru tekin með það að markmiði að viðmælendur gætu tjáð sig og hugmyndir sínar á opinn og óheftan hátt (Esterberg, 2002). Notast var við sama spurningarammann í öllum viðtölum sem upphafspunkt en viðtölin fóru gjarnan í ýmsar áttir er leið á. Viðtölin tóku einn til tvo klukkutíma, voru tekin upp á hljóðupptökutæki og fóru fram ýmist á heimili viðmælenda eða í fundarherbergjum Háskóla Íslands. Viðmælendur í rannsókninni sem gert er skil í þessari grein

skilgreina sig öll sem hinsegin eða kynsegin fólk af ýmsum bakgrunni og voru fundnir með blöndu af hentugleika- og snjóboltaúrtaki (Esterberg, 2002). Fyrstu viðmælendur voru fundnir í gegnum íslenska Star Trek aðdáendahópa á Facebook sem bentu í kjölfarið á fleiri aðdáendur sem líklega viðmælendur. Skilyrði fyrir þátttöku voru að viðmælendur líti á sig sem Star Trek aðdáendur og hinsegin eða kynsegin fólk. Nafnleyndar er gætt og trúnaður haldinn svo að ekki sé hægt að rekja séreinkenni viðmælenda.

Þrjár þátttökuathuganir hafa verið gerðar á sérstökum ráðstefnum erlendis þar sem Star Trek aðdáendur hittast, klæðast búningum úr þáttunum og hlýða á fyrirlestra um þættina og kvikmyndirnar. Aðdáendum var fylgt á ráðstefnunum, í samskiptum þeirra við aðra aðdáendur, leikara úr þáttunum og á málstofum tileinkuðum ákveðnum þemum eins og hinseginleika með það að markmiði að rannsaka hvernig aðdáendurnir haga sér í raunverulegum aðstæðum (Esterberg, 2002). Gögnum úr vettvangsathugunum verður ekki gert skil nema að örliðu marki í þessari grein.

Höfundur gerir sér grein fyrir því að viðmælendur rannsóknarinnar tilheyra litlum hópi í litlu samfélagi og lagði sig fram um að sjá til þess að viðmælendur hljóti engan skaða af þátttöku í rannsókninni í takt við Siðareglur háskólanna um vísindarannsóknir (2020) og eigindlega aðferðafræði (Esterberg, 2002; Shamoo og Resnik, 2009). Allir viðmælendur gáfu upplýst, skriflegt samþykki fyrir notkun upplýsinga sem þau veittu í viðtölum.

Viðtölin voru afrituð orðrétt og greind með opinni kóðun (e. open coding) í þeim tilgangi til að greina þemu (Priest og fleiri, 2002). Þá var öxulkóðun (e. axial coding) beitt til að finna tengingar á milli þemanna og loks endað á valinni kóðun (e. selective coding) og aðalþemum greind (Braun og Clark, 2013; Priest og fleiri, 2002).

Að greiningu lokinni reyndust aðalþemun snúa að því hvernig viðmælendurnir upplifa samfélag Star Trek aðdáenda sem öruggt rými, að þættirnir veiti þeim von um betri tíð þar sem fjölbreytileikanum er fagnað og hinsegin fólk verður ekki fyrir örareitni og fordómum. Viðmælendurnir nefna viss atriði í þáttunum sem hvatningu til sjálfstjáningar og sjálfsvirðingar og líta á ákveðnar birtingarmyndir hinsegin persóna sem jákvæðar fyrirmyndir.

Fjölmíðlagreiningin, viðtölin og þátttökuathuganirnar eru hugsaðar sem margprófun (e. triangulation) sem eykur réttmæti og trúverðugleika greiningarinnar (Esterberg, 2002; Kincheloe og McLaren, 1994).

Höfundur er sjálfur aðdáandi Star Trek þáttanna, hefur fylgst með þeim síðan á unglingsárum sínum og tilheyrir ýmsum forréttindahópum, er hvítur, ófatlaður, gagnkynhneigður, síð karlmaður.

Niðurstöður

Með því að láta söguna gerast í geimnum í framtíðinni gat Roddenberry komið boðskap sínum í gegn um mál sem mátti helst ekki fjalla um á gagnrýninn hátt í sjónvarpi á þessum tíma. Star Trek eignaðist fljótt dyggan hóp aðdáenda sem hefur vaxið og dafnað í meira en hálfa öld. Hér verður rýnt í niðurstöður rannsóknarinnar sem byggjast aðallega á viðtölum við hinsegin Star Trek aðdáendur á Íslandi þó afrakstur fjölmíðlagreiningar og þátttökuathugana komi einnig við sögu. Niðurstöðurnar koma inn á það hvernig hinsegin Star Trek aðdáendurnir í rannsókninni upplifa stemninguna sem myndast á ráðstefnum og öðrum hópsamkomum þeirra, hvernig þau finna öruggt rými í samfélaginu sem myndast þar og virðinguna fyrir fjölbreytileikanum innan hópsins. Einnig sýna niðurstöðurnar hvernig þættirnir geta veitt áhorfendum von og haldreipi með loforði um jafnari framtíð hvort sem það kemur fram undir rós eða á beinan hátt með umræðu um hinsegin mál og jákvæðum birtingarmyndum hinsegin og kynsegin fólks sem kemur fram í þáttunum á ólíka vegu á ólíkum tímum.

Von í vonlausum heimi

Á Star Trek ráðstefnu sem höfundur sótti í Birmingham 2023 var haldið málþing um hinseginleikann í Star Trek þar sem hinsegin aðdáendur sátu í pallborði. Mikið var rætt um birtingarmyndir

hinsegin fólks í þáttunum, hvort sem það var í myndlíkingum, hinsegin augnablikum eða hinsegin persónum sem rímar við greiningu Jenkins (2004) sem var rædd hér fyrir ofan (sjá einnig Mittermeier og Spychala, 2020). Einnig kom fram að ráðstefnurnar væru öruggt rými fyrir hinsegin fólk. Þó það hafi ekki verið haldnar formlegar Star Trek ráðstefnur á Íslandi hafa íslenskir aðdáendur staðið fyrir sýningum á Star Trek kvikmyndum og þáttum á eigin vegum. Þegar fyrstu þættirnir af Star Trek: Picard (Kurtzman og fleiri, 2019-2022) komu út snemma árs 2020 sameinaðist hópur Star Trek aðdáenda á Íslandi og leigði sal í Bíó Paradís (Ljósíð, 10. febrúar. 2020).

Fjóra, viðmælandi í rannsókninni, fór á hópsýningu í Bíó Paradís. Hún fór með vini sínum þó þau hafi verið búin að sjá Picard áður því „við vildum sjá hann aftur og vildum sjá hann í þessu samhengi sko, eitthvað svona samfélagsfilingur, og það er einhvern veginn að það skipti engu máli hver þú varst eða hvaðan þú komst eða whatnot sko, þú ert Trek fan.“ Fjóra líkir þessu við að tilheyra hinsegin samfélaginu.

Af því við eigum það sameiginlegt að vera hinsegin þannig að við allt í einu erum á sama plani þarna og það er bara svona... það er svona þínu tenging við Star Trek að það er, það er í svona hópum, fólk sem er svona ákveðið, þú veist kannski aðeins extreme en ég samt einhvern veginn dæmi þig ekki af því að þú veist, I get it, það er þessi Trek connection.

Rúnar, Harpa og Dröfn lýstu svipaðri upplifun af því að vera á Star Trek ráðstefnum erlendis og Rúnar lýsti hinseginleikanum sem birtist í búningavali sumra þátttakenda þar.

Það eru alls konar búningar... allar útgáfur, frá því að vera rosalega flott alveg niður í bara einhver setur bol á sig og eitthvað þannig, sem er alveg rosalega skemmtilegt, finnst mér... maður hefur líka séð Seven of Nine sem karlmann. Þá er bara einhver sem er í spandexi með allt sem hún er, bara búíð að svissa gen-derinu.

Hér ræðir Rúnar það sem tíðkast hjá sumum aðdáendum að breyta út frá upprunalegu persónunni og gera eitthvað annað eins og að skipta um kyngervi persónunnar. Á þessum viðburðum er rými til að gera tilraunir með formið, taka persónur úr þáttunum og skapa eitthvað nýtt. Fjóra lýsir þáttunum og hugmyndunum sem koma fram í þeim sem leið til að takast á við erfið samfélagsleg mál og geti á sama tíma gefið áhorfendum von um betri heim:

Þú getur kannski speglað samfélagið og þessi málefni sem að eru í gangi þar... það gefur þér einhverja von um að þegar, einhvern tímann í framtíðinni að mannkynið geti svona bara rífið sig upp á rassgatinu og gert eitthvað í sínum málum.

Fjóra bætir því við að „það er verið í rauninni að láta þig sem áhorfanda velta því fyrir þér bara hvað gerir okkur mennsk.“ Arnar vill meina að hann hafi lært grunnsiðfræði í gegnum það að horfa á þættina. „Það var svona ákveðinn, algjör svona heilagleiki fyrir mannréttindum og jöfnuði og það er ekkert svona, ekkert svona vafamál hvort að fólk eigi skilið virðingu og reisn.“

Fræðafólk eins og de Yarza (2017), Geraghty, (2003, 2006) og Heath og Carlisle (2020) hafa einmitt komið inn á þessa punkta í skrifum sínum, að Star Trek hafi frá upphafi reynt að vekja fólk til umhugsunar um samfélagsleg mál með því að takast á við þau á gagnrýninn hátt. Hanna, viðmælandi í rannsókninni, ræddi það að þó einhver sé „rosalega öðruvísi“ í Star Trek þá er viðkomandi samt sem áður samþykktur sem hluti af samfélaginu. Þegar mannkynið í þáttunum hittir verur frá öðrum hnöttum þá er alltaf reynt að vingast við þær. „Það er alltaf reynt, það er alltaf einhver þarna sem situr og segir „við getum þetta“ og þetta er markmiðið... og það er rosa fallett.“ Hér eru viðmælendur rannsóknarinnar að lýsa því hvernig það að sjá birtingarmynd jafnari heims veitir þeim trú á jafnari framtíð mannkyns eða eins og Friðrika orðar það „það er eitthvað svona, von og þetta

verður allt í lagi sem er eitthvað sem að maður þarf stundum á að halda, sérstaklega núna.“ Lýsingar viðmælendanna ríma talsvert við skrif fræðafólks um að það sé þessi von um jafnari heim sem að heilli hinsegin aðdáendur Star Trek (sjá til dæmis Jenkins, 2004; Mittermeier og Spsychala, 2020). Hér er einnig freistandi að líta til Segal (2018) og skrifa hennar um hvetjandi áhrif útópíunnar og vonina sem hún getur kveikt í fólki. Von um að hægt sé að skapa betra og jafnara samfélag þar við höfum öll rými til að vera við sjálf og vera viðurkennd sem slík.

Undir rós

Þó Roddenberry virðist ekki hafa getað haft sýnilega hinsegin persónu í nýju þáttunum þá var mála-flokkurinn ávarpaður í gegnum myndlíkingar til að koma umræðu um hinsegin mál í gegn án þess að yfirmenn þáttanna stoppi sögurnar af. Til dæmis í *The Next Generation* (Roddenberry og fleiri, 1987-1994) þættinum *The Outcast* þar sem tekist er á við kyn, kynhneigð og hómófóbíu á áhugaverðan hátt. Þar fáum við að kynnast J'naii fólkinu frá samnefndri plánetu. Við fyrstu sýn virðist það vera ósköp svipað mannkyninu, en í gegnum samskipti Rikers, sem er næstæðstur á *Enterprise*, og Soren, sem er einstaklingur frá J'naii, lærum við að svo er ekki því á plánetu Soren er aðeins eitt kyn. Þarna er verið að sýna að hugmyndir okkar vestræns fólks geta verið afstæðar. Seinna í þættinum kemur í ljós að hugmyndin um fleiri en eitt kyn og kynferði er tabú í hugum J'naii fólksins. Fyrir langa löngu höfðu þau tvö kyn en svo þróuðust þau í eitt og í dag sé talið að kynjaskipting sé frumstæð. En svo flækist söguþráðurinn enn frekar þar sem Soren kemur út úr skápnunum sem gagnkynhneigð kona sem er í hrópandi mótsögn við norm samfélags hennar. Í þættinum á Soren dramatíska ræðu þar sem verið er að pota í hugmyndir um kyn og kynhneigð sem eitthvað stöðugt. Áhorfendur fá samúð með Soren sem býr í samfélagi sem viðurkennir hana ekki, og speglunin við reynslu hinsegin fólks á þessum tíma er afar sterk. Dröfn, viðmælandi í rannsókninni, ræddi að hún skildi þennan ákveðna þátt sem “einn af þessum Star Trek þáttum þar sem verið er að reyna ofboðslega mikið að addressa social issues... voru að reyna að gera allegoríu fyrir það að koma út úr skápnunum.”

Harpa, viðmælandi í rannsókninni, talar um sama þátt og að þegar hann kom út þá átti hann eins og Dröfn talar um að vera myndlíking fyrir samkynhneigða en í seinni tíð þá hefur þátturinn verið túlkaður sem myndlíking fyrir transfólk. Þó höfundar þáttarins *The Outcast* hafi mögulega ekki haft trans fólk í huga þegar þátturinn var skrifaður, heldur frekar sem myndlíkingu fyrir hinsegin fólk, þá er hann dæmi um það að aðstandendur Star Trek séu að reyna að spegla ójöfnuð í nútímasamfélagi og fá áhorfandann til að sjá stöðu hinsegin fólks í nýju ljósi. Er tíminn líður og samfélagið breytist er vel hægt að sjá þáttinn sem myndlíkingu fyrir trans fólk.

Hinsegin bandarískir Star Trek aðdáendur hafa í gegnum tíðina greint hinsegin augnablik í Star Trek áður en að það kom fram opinberlega hinsegin persóna í þáttunum (Jenkins, 2004; Mittermeier og Spsychala, 2020). Oft er minnst á samband Garak og Bashir í *Star Trek: Deep Space Nine* (Berman og fleiri, 1993-1999) þáttaröðinni en Andrew Robinson sem lék Garak hefur seinna talað um að hann hafi leikið persónuna sem fjölkynhneigða (Muredda, 2019). Viðmælendurnir í rannsókninni ræddu þetta einnig og Rúnar segir að hann hafi tekið eftir þessu þegar hann horfði aftur á þættina.

Í lockdowni þá fór ég að horfa á það aftur bara frá byrjun þegar hann [Garak] er kynntur inn og samband hans og Bashir er svona mikið, þeir eru svona, þeir gætu alveg verið saman, miðað við hvernig þeir tala, þetta væbar þannig.

Dröfn, viðmælandi í rannsókninni var á sama máli varðandi hinseginleika Garak og las hann þannig frá upphafi. Persóna Jadzia Dax, einnig í *Deep Space Nine* (Berman og fleiri, 1993-1999) þáttaröðinni, er annað áhugavert dæmi, en Dax er svokallaður Trill frá samnefndri plánetu en Trillar lifa dauðann af með því að flytjast í nýjan líkama þegar sá gamli er að deyja. Minningar Dax hverfa því ekki, heldur blandast við minningar nýja líkamans eða hýsilsins, og þannig er Jadzia Dax með minningar fyrri hýsla sem voru af ólíkum kynjum. Þátturinn *Rejoined* snýst um það þegar að Jadzia

Dax hittir ekkju eins fyrrverandi hýsils síns sem var karlmaður og þær upplifa gamlar tilfinningar. Í samfélagi Trill er bannað eiga í kynferðislegu sambandi við maka fyrrverandi hýsla og því snýst þátturinn um boð og bönn Trill samfélagsins gegn sambandi þeirra. Það kemur skýrt fram að kynkvennanna tveggja skipti ekki máli heldur sé það tengingin við fyrri hýsil Dax sem er álitid tabú. Þátturinn virkar því á allavega tvenna vegu, annars vegar er verið að ýja að því að í framtíðarsamfélagi Star Trek heimsins sé ekki sett út á það að vera hinsegin, og hins vegar að spegla, undir rós, málefni hinsegin fólks árið 1995 er þátturinn kom út.

Dröfn talaði um þennan ákveðna þátt og sérstaklega atriði þar sem Jadzia kyssir þennan fyrrum maka sinn. „Ég man ekki eftir, ég seriously man ekki eftir að hafa séð kvenfólk kyssast í sjónvarpinu fyrr... það þótti alveg scandalous.“ Friðrika, annar viðmælandi í rannsókninni talaði um það sama „það var held ég fyrsti bara koss milli tveggja kvenna sem ég sá í sjónvarpi ever“ og að fyrir henni hafi kossinn verið afar merkilegur viðburður, „þetta var einn af fyrstu kossunum þannig að það var einhvern veginn líka bara vó heyrðu, sérðu þetta í sjónvarpi!“ Hún bætti því svo við að „þannig að geimurinn er greinilega staður þar sem að svona hlutir mega gerast, frekar en annars staðar.“ Sem sagt, með því að láta tvær konur frá framandi plánetu kyssast í framtíðinni í geimstöð langt í burtu var hægt að koma kossinum framhjá hliðvörðum bandaríska sjónvarpsgeirans og á sjónvarpsskjáinn. Kossinn olli þó nokkru fjaðrafoki meðal íhaldsamra bandaríkjamanna sem kvörtuðu sáran (Mittermeier og Spychala, 2020). Lýsingar viðmælandanna hér fyrir ofan eru bæði dæmi um hinsegin lestur eins og meðal annars Sedgewick (1985, 1997) hefur skrifað um en einnig dæmi um það hvernig Star Trek hefur tekist á við hinsegin mál á óbeinan hátt (Jenkins, 2004; Mittermeier og Spychala, 2020).

Arnar, viðmælandi í rannsókninni talar um að hann hafi skilið persónu Dax á þennan veg. „Transmanneskjan er náttúrulega Trill, það er svona kannski líka ákveðinn svona referens í það hvað Jadzia, bara Dax var mikill representative fyrir hinsegin fólk“. Friðrika, viðmælandi í rannsókninni ræddi Dax einnig í þessu samhengi og sagði hana vera „mest explicit hinsegin karakterinn“ í þáttunum á þessum tíma. Harpa, viðmælandi í rannsókninni lýsir Dax sem kynlausri í raun, því hún „fer milli kynja... og getur átt ástfólk bara þú veist way way back, karakterinn er að brjóta basically það sem við vorum að líta á sem tabú á þessum tíma.“ Hún tekur dæmi úr öðrum Deep Space Nine (Berman og fleiri, 1993-1999) þætti, Blood Oath, þar sem Dax hittir gamlan Klingonavin sem ávarpar hana með nafni fyrrum hýsils Dax sem var karlmaður:

Og hún kemur bara „it’s Jadzia now“ og hann bara breytir um nafn, honum bara finnst þetta ekkert sjálfsgaðara en að hún er bara þú veist, þetta er hennar nafn, hún er með þetta fornafn, eina sem hann er ánægður með, er að hitta gamlan vin, þetta er bara svo fallett og fullt af fólki bara búið að grípa þetta.

Atriðið sem Harpa lýsir er umtalað meðal Star Trek aðdáenda og varð að vinsælu mími (e. meme) og einmitt eins og Harpa lýsir túlkað sem stuðningur við trans fólk og rétt þeirra til vera það sjálft og hljóta sömu virðingu og annað fólk.

Annar nefnir dæmi um hvernig jaðarhópar, fordómar og öráreitni eru tekin fyrir í Deep Space Nine (Berman og fleiri, 1993-1999) þættinum The Ascent á víðari hátt þegar hamskiptingurinn Odo fær að heyra að honum sé tekið svo lengi sem hann líkist norminu, hinum verunum á geimstöðinni, en þegar hann tekur sér framandi form þá sé hann ekki samþykktur.

Þetta er rosalega góð ádeila því þú veist, ég sem hommi var með hinsegin fræðslu í vinnunni bara núna fyrir Pride og var að útskýra, fólk heldur að það sé að hrósa manni ef það segir að það sést ekki á þér að þú sért hinsegin, það er ekki hrós að þú sjáir mig ekki fyrir það sem ég er. Þú veist allt í lagi en það er ekkert hrós. Ég lít ekki á það sem móðgun að vera ég sjálfur. Þannig þú veist, þetta var mjög góð ádeila á það að þú veist hvernig fólk sem er öðruvísi þarf að normalisera til að vera samþykkt ef það fær ekki að vera það sjálft og þarf að fela sig innan hópsins. Þá er það í lagi.

Mér fannst mjög kúl hvernig þetta var gert [í þættinum]. Þannig fann maður alveg hvernig það var tekið sko á þessum hlutum svona smá.

Dæmin sem viðmælendurnir lýsa hér fyrir ofan sýna hvernig þættirnir takast á við sértækari mál á gagnrýninn hátt sem þau tengja við eigið líf sem hinsegin og kynsegin fólk í íslensku samfélagi. Á þennan veg tókust framleiðendur Star Trek á við málefni hinsegin fólks lengi vel, undir rós. Það var ekki fyrr en árið 2016 að fyrsta sýnilega hinsegin persónan birtist í Star Trek en það var Hikaru Sulu sem var sýndur í þriðju Kelvin tímalínu myndinni Star Trek Beyond (Lin, 2016) þar sem hann sést í augnablik með eiginmanni sínum og dóttur. Aðstandendur myndarinnar sögðu að það að sýna Sulu sem hinsegin væri gert til heiðurs George Takei sem lék Sulu í upprunalegu þáttunum en Takei er samkynhneigður og hefur lengi barist fyrir réttindum hinsegin fólks (Edwards, 2016; Sweet, 2018; Tryggvi Páll Tryggvason, 2016, 8. júlí). Þessi dæmi úr þáttunum sem hafa verið nefnd hér fyrir ofan og greining viðmælendanna í rannsókninni á þeim eru ekki einungis merki um hinsegin lestur (Mittermeier og Spychala, 2020; Sedgewick, 1985, 1997) eða hinsegin augnablik (Jenkins, 2004) heldur sýna þau hvernig Star Trek er að takast á við mál sem erfitt hefur verið að koma í gegn á gagnrýninn hátt í bandarísku sjónvarpi. Það er áhugavert að það virðist hafa verið í lagi að hafa svarta konu í áhöfn geimskipsins árið 1966 í upprunalegu þáttunum en ekki hinsegin manneskju fyrr en 2016, 60 árum seinna.

Hinsegin framtíð

Star Trek steig svo skrefið til fulls í *Star Trek: Discovery* þáttaröðinni (Fuller og fleiri, 2017-2023) sem hófst 2017 með því að hafa hinsegin þau sem hluta af aðaláhöfninni. Þessu voru hinsegin Star Trek aðdáendur búnir að bíða eftir og biðja um lengi eins og rætt var hér fyrir ofan (Jenkins, 2004; Mittermeier og Spychala, 2020).

Rúnar viðmælandi rannsóknarinnar ræddi birtingarmyndir hinsegin fólks í Discovery og talaði um að „það hefur alltaf vantað svona inclusion á hinsegin fólki.“ Hann bætti því svo við að „þetta líka hjálpaði mér persónulega, að koma út sjálfur... að það væri þú veist verið að sýna, að hinsegin fólk væri meira svona sýnilegt.“

Í Discovery þáttunum eru tvær persónur, þeir Culber og Stamets, sýndir í afar hversdagslegum senum eins og að spjalla saman á meðan þeir burstu tennurnar, sem styrkir framtíðarsýn Star Trek um mikilvægi fjölbreytileikans. En þetta er það sem hinsegin aðdáendur Star Trek voru búnir að bíða eftir og biðja um í marga áratugi, hinsegin persónur að gera hefðbundna hluti án þess að kynhneigð þeirra væri aðalmálið. Fjöla, viðmælandi í rannsókninni lýsir því þegar hún sá ofangreint atriði í Discovery.

Það var alveg móment þegar ég áttaði mig á því að þeir væru þau og þeir væru giftir, fyrir mig var það bara brilliant, og einhvern veginn að það væri einhver opinberlega samkynhneigður... það var einhver partur af krúinu sem var my people, þannig að fyrir mig er það representation, sem að mér fannst rosalega hressandi.

Harpa, viðmælandi í rannsókninni, upplíði atriðið á svipaðan hátt og var sérstaklega hrifin af nálguninni við að sýna þá sem þau. „Það er ekkert verið að playja það sem eitthvað voða dramatískt, þetta er bara þau þau og þeirra líf og þeir eru bara að ræða bara hvað gerðist yfir daginn, mér fannst bara, það var svo fallega fram sett.“ Hér eru viðmælendur rannsóknarinnar að lýsa áhrifum þess að sjá jákvæðar birtingarmyndir hinsegin fólks í þáttunum. Áhrif þáttanna eru því bæði pólitísk eins og Jenkins lýsir (2004) og afar persónuleg og að veita fólki styrk til að koma fram sem það sjálft eins og Rúnar lýsir hér fyrir ofan.

Í fyrsta þáttatímabili *Discovery* (Fuller og fleiri, 2017-2023) komu einnig fram tvíkynhneigðar og pankynhneigðar persónur og í þriðja þáttatímabilinu voru auk þess kynntar kynsegin og trans persónur til leiks. Í kjölfarið fékk Discovery *GLAAD* - verðlaunin fyrir besta dramaþáttinn 2021, en hin-

segin samtök í Bandaríkjunum standa að verðlaununum og eru þau veitt aðilum sem sýna jákvæðar birtingarmyndir af hinsegin fólki. Discovery hafði fengið tilnefningu áður en ekki unnið verðlaunin fyrr (Peterson, 2021). Fjóra ræddi þessar kynsegin og trans persónur sem urðu hluti af áhöfninni.

Svo komu einmitt einhver sem er greinilega kynsegin, er alveg non binary, og þessir karakterar eru þú veist partur af í rauninni tímalínunni, sögunni, þau eru einhvern veginn fyrir mig þá eru þau svona náttúrulegir karakterar. Þetta er í rauninni eins og fólk sem er þá í mínu hinsegin samfélagi, og það að sjá þetta representation fyrir mig var ótrúlega gott.

Harpa kom inn á svipaðan punkt varðandi þessar nýju persónur og hvernig ein persóna kemur út sem kynsegin og fær ekki aðeins stuðning heldur fær að finna að hún tilheyrir samfélagi og fjölskyldu: „Það er ekkert, þú veist ekkert spurning, ekkert vesen og svo núna í season fjögur eða lok season þrjú þá er bara ógeðslega fallegin kynsegin fjölskylda með gay space daddies, ég elska þetta!“

Dröfn talaði einnig um Discovery á þennan hátt og Friðrika vill meina að “loksins eru allir möguleikarnir í þessum heimi nýttir, bara geggjað, það er gaman að sjá það, og ekki bara svona einn karakter heldur margir.” Hún bætir því svo við að það sé ekki einungis að hinsegin persónur fái pláss í Discovery heldur eru persónurnar trúverðugar.

Lýsingar viðmælendanna hér fyrir ofan sýna fram á mikilvægi jákvæðra birtingarmynda hinsegin persóna í dægurmenningu. Fjóra ræðir þetta áfram varðandi örارةitnina sem hinsegin fólk verður fyrir dagsdaglega og áhrif þess á hegðun þeirra.

Þetta er líka það sem að þeir sem eru mjög heteronormative Star Trek aðdáendur átta sig kannski ekkert á að í Discovery að þá er þetta self surveillance sem þú þarft að gera á hverjum degi sem hinsegin manneskja að það einhvern veginn er ekki í gangi... því að þú sem hinsegin manneskja dags daglega, þú feisar rosalega mikið microaggression... en það er það sem Discovery gerir ekki.

Fjóra lýsir því að í Discovery eru hinsegin persónurnar ekki „svona token samkynhneigð mann-
eskjan“ heldur partur af áhöfninni og hinseginleikinn skiptir ekki máli. Hún bætir því svo við að „fyrir mig er þetta í rauninni heimurinn ef að ég þyrfti ekki að self surveilla mig, þá byggi ég í Star Trek: Discovery“. Að þessu leyti virðist Star Trek loksins ná að sýna almennilega jákvæða og heilbrigða birtingarmynd hinsegin fólks sem var lofað í upphafi og aðdáendur börðust fyrir með bréfa-skrifum (Jenkins, 2004; Mittermeier og Spychala, 2020). Hinsegin aðdáendur virðast vera að tengja við þessar nýju persónur eða allavega eru Fjóra, Rúnar, Harpa, Dröfn, Arnar, Hanna og Friðrika að gera það. Discovery þættirnir eru því að ná að brjóta blað í sögu Star Trek og Star Trek: Strange New Worlds (Kurtzman og Lumet, 2022-2025) þættirnir sem voru gerðir eftir að Discovery hófst og byggja á persónum sem komu fram í Discovery eru að halda þessu áfram að mati Rúnars. Til dæmis hefur trans fólk komið við sögu í þáttunum og hann vill meina að „þetta sé bara orðið þannig í dag allavega hjá þeim sko, þau eru að embrace-a allt saman... það eru allir velkomnir, allir karakterar.“

Umræða:

Fögnun fjölbreytileikans

Fræðafólk eins og Geraghty (2006), Jenkins (2004), Jindra (1994), Mittermeier og Spychala (2020) og Porter (2004), hafa skrifað um að einkunnarorð þáttanna „óendanlegur fjölbreytileiki, í óendanlegum samsetningum“ sé kjarni þess sem heilli marga og sérstaklega hinsegin aðdáendur þáttanna. Aðdáendaklúbbar hafa risið upp víða um heim og meðal annars á Íslandi (Kastljós, 2009; Starfleet, e.d.). Erlendis mynduðust hinsegin vísindaskáldsögu aðdáendaklúbbar eins og The International Gaylactic Network Inc. sem ýttu á framleiðendur Star Trek að hafa opinberlega hinsegin persónu í aðaláhöfn þáttanna (Jenkins, 2004).

Star Trek, byggt á jákvæðri framtíðarsýn Gene Roddenberry, höfundar Star Trek, hefur í gegnum tíðina tekist á við ýmis málefni. Eins og dæmin sem nefnd hafa verið hér að ofan sýna spegla þættirnir umræðu síns tíma á jafnréttisbaráttu ýmissa hópa sem og andófið sem hóparnir mæta. Það er áhugavert að sjá hvernig hugmyndin um jöfnuð allra hefur átt erfitt með að komast á skjáinn í vest-rænni dægurmenningu og sumar birtingarmyndir jaðarsettra hópa komast fyrir í gegn en aðrar. Star Trek gat komið því í gegn að hafa persónur af ólíkum bakgrunni í stjórnunarstöðum í aðaláhöfn geimskipsins Enterprise strax í upphafi en hugmyndir um að hafa opinberlega hinsegin persónu voru stoppaðar af. Þrátt fyrir það hafa hinsegin aðdáendur heillast af framtíðarsýn þáttanna þar sem fjölbreytileikanum er hampað frá upphafi (sjá Falzone, 2005; Jenkins, 2004; Jindra, 1994; Mittermeier og Spychala, 2020; Porter, 2004). Vísendingar eru um að Roddenberry hafi viljað ganga mun lengra í að sýna jákvæðar birtingarmyndir hinsegin fólks en ekki fengið það í gegn (Alexander, 1991; Gross, 1989; Jenkins, 2004). Með því að takast á við hinsegin mál undir rós og með myndlíkingum komust þáttastjórnendurnir af og til framhjá vökulu auga yfirmanna sinna sem vildu forðast reiði íhaldsamra afla. Það var ekki fyrir en með tilkomu Star Trek: Discovery þáttaröðinni (Fuller og fleiri, 2017-2023) að hinsegin og kynsegin persónur fengu að vera með af alvöru og hinsegin Star Trek aðdáendur fengu það sem þau höfðu beðið eftir.

Íslensku hinsegin Star Trek aðdáendurnir sem tóku þátt í rannsókninni upplifa huggun og styrk frá útópískri framtíðarsýn þáttanna þar sem mannkynið býr við meiri jöfnuð en það gerir í dag. Það er sameiningarkraftur í Star Trek, sem kristallast í trú á mátt vísindanna, mannkynið í heild og jöfnuð þar sem fjölbreytileikanum er fagnað. Viðmælendur rannsóknarinnar tala um að þættirnir veiti þeim von og tilgang sem hjálpar þeim að komast í gegnum erfiða tíma og hvetja þau til að standa með sjálfum sér. Viðmælendurnir vilja meina að hinsegin augnablik í eldri þáttunum og vel skrifaðar hinsegin og kynsegin persónur í nýju þáttunum sýni þeim fram á möguleikann á bjartari framtíð. Það er augljóst af lýsingum viðmælendanna að jákvæðar birtingarmyndir hinsegin og kynsegin persóna í Star Trek skipta þau máli og eru að hafa talsverð áhrif á þau. Þetta taka þau með sér inn í hversdaginn sinn og ríma þessar niðurstöður að talsverðu leyti við erlendar rannsóknir og skrif (sjá Geraghty, 2006; Jenkins, 2004; Jindra, 1994; Mittermeier og Spychala, 2020 og Porter, 2004).

Það er grunnboðskapurinn á bak við þættina og kvikmyndirnar um fögnun fjölbreytileikans og von í ójöfnum heimi sem hefur heillað hinsegin aðdáendur síðan þættirnir voru fyrst sýndir seint á sjöunda áratug síðustu aldar. Sameiningarmáttur útópíuhugmynda og mikilvægi þeirra eins og Segal (2018) lýsir þeim virðist skipta hinsegin Star Trek aðdáendurna í rannsókninni miklu máli og fyrir þeim hefur Star Trek enn margt að segja um hvað má betur fara í samfélagi okkar í dag og að hverju við þurfum að stefna; framtíð þar sem öll erum við jöfn, þó við séum ólík.

Heimildaskrá

- Alexander, D. (1991). Gene Roddenberry - Writer, Producer, Philosopher, Humanist. *The Humanist* 51(2) (mars/apríl 1991). (bls. 5-38.).
- Berman, R., Biller, K., Braga, B., Piller, M. og Taylor, J. (1994-2001). *Star Trek: Voyager*. [sjónvarpsþáttasería]. Paramount Pictures.
- Berman, R., Piller, M. og Behr, I. S. (1993-1999). *Star Trek: Deep Space Nine*. Paramount Domestic Television.
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful Qualitative Research: A Practical Guide for Beginners*. SAGE Publications.
- Butler, J. (2004). *Undoing Gender*. Taylor and Francis.
- Crotty, M. (1998). *The Foundations of Social Research: Meaning and Perspective in the Research Process*. Sage Publications.
- de Yarza, C. (2017). Star Trek – Where No Genre Has Gone Before: Application of Mittell’s Television Genre Theory to the Star Trek Series. *Journal of Multidisciplinary Research*, 9(2), (bls. 73-80). St. Thomas University.
- DV. (1999, 19. mars). Alþjóðasinnar í anda Þórbergs. DV, bls. 4.
- Edwards, V. (2016, 23. júlí). Star Trek could have ‘boldly gone’ even further: Actor John Cho reveals that a kiss between the new film’s openly gay Sulu and his partner was edited out. *The Daily Mail*. <http://www.dailymail.co.uk/news/article-3704889/Star-Trek-boldly-gone-New-film-omitted-sex-kissing-scene-featured-sci-fi-franchise-s-openly-gay-character-Sulu.html>
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative Methods in Social Research*. McGraw Hill.
- Falzone, P. J. (2005). The Final Frontier Is Queer: Aberrancy, Archetype and Audience Generated Folklore in K/S Slash-fiction. *Western Folklore*, 64(3/4), (bls. 243–261). <http://www.jstor.org/stable/25474751>

- Fréttablaðið. (2020, 5. febrúar). Trekkarar leigja bíosal fyrir Picard. Fréttablaðið, (bls. 26).
- Fuller, B., Semel, D., Roddenberry, E., Roth, T., Goldsman, A., Kadin, H., Berg, G. J., Harberts, A., Kurtzman, A., Osun-sanmi, O., Siracusa, F., Weber, J., Lumet, J. & Paradise, M. (2017-2024). Star Trek: Discovery [sjónvarpsþáttasería]. Secret Hideout, Roddenberry Entertainment, Living Dead Guy Productions og CBS Studios.
- Geraghty, L. (2003). Homosocial Desire on the Final Frontier: Kinship, the American Romance, and Deep Space Nine's "Erotic Triangles". *The Journal of Popular Culture*, 36, (bls. 441-465).
- Geraghty, L. (2006). A Network of Support: Coping with Trauma Through Star Trek Fan Letters. *The Journal of Popular Culture*, 39(6), (bls. 1002-1024).
- Giddens, A. (1990). *The Consequences of Modernity*. Cambridge: Polity.
- Gross, E. (1989). *The Making of The Next Generation*. Pioneer Books.
- Heath, K. M. og Carlisle, A. S. (2020). *The Voyages of Star Trek: A Mirror on American Society through Time*. Rowman & Littlefield.
- Jenkins, H. (2004). "'Out of the Closet and Into the Universe: Queers and Star Trek'. Í Harry Benshoff og Sean Griffin (Ritstjórar), *Queer Cinema – The Film Reader*, (bls. 189–207). Routledge.
- Jindra, M. (1994). Star Trek Fandom as a Religious Phenomenon, *Sociology of Religion*, 55(1), (bls. 27–51).
- Kastljós. (2009). Ný Star Trek- mynd frumsýnd. [sjónvarpsþáttasería]. RÚV.
- Kincheloe, J. L. og McLaren, P. L. (1994). Rethinking Critical Theory and Qualitative Research. Í N. K. Denzin og Y. S. Lincoln (ritstjórar), *Handbook of Qualitative Research* (bls. 139-157). Sage.
- Kozinets, R.V. (2001) Utopian Enterprise: Articulating the Meanings of Star Trek's Culture of Consumption, *Journal of Consumer Research*, 28(1), (bls.67–88).
- Kurtzman, A., Goldsman, A., Kadin, H., Chabon, M. og Matalas, T. (2019-2022). Star Trek: Picard. [sjónvarpsþáttasería]. Secret Hideout, Weed Road Pictures, Escapist Fare, Roddenberry Entertainment og CBS Studios.
- Kurtzman, A. og Lumet, J. (2022-2025). Star Trek: Strange New Worlds. CBS Studios, Secret Hideout og Roddenberry Entertainment.
- Lee, R. L. M. (2008). Modernity, Mortality and Re-enchantment: The Death Taboo Revisited. *Sociology*, 42(4), (bls. 745-759).
- Lin, J. (2016). Star Trek Beyond. [kvikmynd]. Skydance Media, Bad Robot Productions, Sneaky Shark Productions & Perfect Storm Entertainment.
- Ljósíð. (2020, 10. febrúar). Star Trek aðdáendur söfnuðu 100.000 kr til styrktar Ljósínu. Ljósíð.is. <https://ljosisid.is/2020/02/10/star-trek-addaendur-sofnudu-100-000-kr-til-styrktar-ljosinu>
- Memory Alpha. (e.d.). Star Trek Series. https://memory-alpha.fandom.com/wiki/Star_Trek_series
- Mittermeier, S. og Spychala, M. (2020). 'Never Hide Who You Are': Queer Representation and Actorvism in Star Trek: Discovery. Í S. Mittermeier og M. Spychala (ritstjórar), *Fighting for the Future: Essays on Star Trek: Discovery*, (bls. 331-350).
- Muredda, A. (2019). What We Left Behind: Deep Space Nine Star Andrew Robinson on the New Star Trek Doc, Garak, Cardassian Sexuality, Doctor Bashir, and Irony in Trek. *That Shelf*. <https://thatshelf.com/what-we-left-behind-deep-space-nine-star-andrew-robinson-on-the-new-star-trek-doc-garak-cardassian-sexuality-doctor-bashir-and-irony-in-trek/>
- Peterson, C. (2021, 11. apríl). Star Trek: Discovery wins GLAAD Media Award for Outstanding Drama Series, *Daily Star Trek News*. <https://www.dailystartreknews.com/read/star-trek-discovery-wins-glaad-media-award-for-outstanding-drama-series>
- Porter, J. (2004). Pilgrimage and the IDIC Ethic: Exploring Star Trek Convention Attendance as Pilgrimage. Í E. Badone og S. R. Roseman (ritstjórar), *Intersecting Journeys: The Anthropology of Pilgrimage and Tourism* (bls. 160-174). University of Illinois Press.
- Priest, H., Roberts, P. og Woods, L. (2002). An Overview of Three Different Approaches to the Inter-pretation of Qualitative Data. Part 1: Theoretical Issues. *Nurse Researcher*, 10(1), (bls. 30-42).
- Roberts, A. (2006). *Science Fiction*. Routledge.
- Roddenberry, G. (1966-1969). Star Trek: The Original Series [sjónvarpsþáttasería]. Desilu Productions, Paramount Television og Norway Corporation.
- Roddenberry, G., Berman, R. og Piller, M. (1987-1994). Star Trek: The Next Generation [sjónvarpsþáttasería]. Paramount Domestic Television.
- Russell, L. og Wolski, N. (2001) Beyond the Final Frontier: Star Trek, the Borg, and the Post-Colonial. Í M. Hills og S. G. Jones, *Intensities: The Journal of Cult Media* 1, (vor/sumar 2001). https://intensitiescultmedia.com/wp-content/uploads/2012/12/russell_wolski.pdf
- Ryan, D. (2002). Spirituality: A Scottish Healthcare Issue. *Scottish Journal of Healthcare Chaplaincy*, 5(1), (bls. 10-14).
- Sedgwick, E. K. (1985) *Between Men: English Literature and Male Homosocial Desire*. Columbia University Press.
- Sedgwick, E. K. (1997). *Novel Gazing: Queer Readings in Fiction*. Duke University Press.
- Segal, L. (2018). *Radical Happiness: Moments of Collective Joy*. Verso.
- Shamoo, A. E. og Resnik, D. B. (2009). *Responsible Conduct of Research*. Oxford University Press.
- Shatner, W., Thompson, J. C., Zappone, D., Layne, K., Layne, H. og Kornbrodt, J. (2014) *Chaos on the Bridge*. Wacky Doodle Productions og Ballinran Entertainment.
- Siðareglur háskólanna um vísindarannsóknir. (2020). Samþykktar í háskólaráði 5. nóvember 2020. https://hi.is/sites/default/files/ame18/reglur_sidanefnd_hv_5_nov_2020.pdf

Starfleet. (e.d.). What is STARFLEET International? <https://sfi.org/#whatisstarfleet>

Sweet, A. (2018). Portals, Audiences and Feminism: Rebooting a Franchise and Star Trek: Discovery's Gender Politics (CBS All Access, 2017-), *Genre en séries*, 8, (bls. 1-19). <https://doi.org/10.4000/ges.544>

Tryggvi Páll Tryggvason. (2016, 8. júlí). Upprunalegi Sulu ósáttur við samkynhneigð nýja Sulu. *Vísir*. <https://www.visir.is/g/2016160709035/upprunalegi-sulu-osattur-vid-samkynhneigd-nyja-sulu>

Weber, M. (1952 [1911]). *The Protestant Ethic and the Spirit of Capitalism*. Scribner.

Wolledge, E. (2005). Decoding Desire: From Kirk and Spock to K/S. *Social Semiotics*, 15(2), (bls. 235–250).

Um höfund

SVEINN GUÐMUNDSSON (sveinng@hi.is) er doktor í mannfræði. Hann lauk doktorsprófi í mannfræði frá Háskóla Íslands árið 2017.